

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010 (innleiðing tilskipunar 2013/55/EB).

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögin gilda einnig um takmarkaða viðurkenningu til starfa í lögverndaðri starfsgrein og um viðurkenningu á starfsþjálfunartíma í öðru ríki.

#### 2. gr.

Tvær nýjar málsgreinar bætast við 2. gr. laganna, svo hljóðandi:

Rétturinn til starfa tekur einnig til ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem verið hafa í starfsþjálfun í öðru landi en heimalandinu og handhafa evrópsks fagskírteinis.

Þá gildir rétturinn til starfa einnig um þá aðila sem hlotið hafa menntun á grundvelli sameiginlegra menntunarkrafna sem staðfestar hafa verið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða sameiginlegs lokaprófs sem staðfest hefur verið með sama hætti.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist við nýr málslíður svo hljóðandi: Umsækjandi getur valið milli þess að sækja um evrópskt fagskírteini þegar sá kostur býðst í heimalandi hans eða að sækja um viðurkenningu eftir hefðbundnum leiðum við komuna til Íslands. Nánari ákvæði um útgáfu evrópsks fagskírteinis eru sett í reglugerð.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi: Lögbær stjórnvöld hér á landi skulu veita takmarkaða viðurkenningu til starfa í einstökum tilvikum að uppfylltum skilyrðum sem nánar eru útfærð í reglugerð.

#### 4. gr.

B-liður 4. gr. laganna orðast svo: hefur unnið við starfið í einu eða nokkrum aðildarríkjum í að minnsta kosti eitt ár á síðastliðnum tíu árum áður en þjónustan er veitt og það er ekki lögverndað í því ríki. Skilyrði um eins árs starfsreynslu gildir ekki þegar annaðhvort starfsgreinin eða menntun til starfsins er háð leyfi, löggildingu eða viðurkenningu stjórnvalds.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

D-liður orðast svo: sönnun þess að starfið hafi verið stundað í að minnsta kosti eitt ár á síðastliðnum tíu árum, sbr. b-lið 1. mgr. 4. gr.

E-liður orðast svo: vottorð sem staðfestir að umsækjandi hafi ekki sætt tímabundnum eða endanlegum brottrekstri úr starfi eða hlotið dóm fyrir saknæmt athæfi í störfum í öryggisþjónustu, heilbrigðisgreinum og störfum sem tengjast uppeldi og menntun ólögráða einstaklinga, þar með talið í leik- og grunnskólum, þegar slíkrar staðfestingar er krafist hér á landi.

Nýr stafliður, f-liður, bætist við, svo hljóðandi: yfirlýsing um íslenskukunnáttu umsækjanda ef um er að ræða starf sem varðar öryggi sjúklinga.

## 6. gr.

6. gr. laganna orðast svo: Ef réttmætur vafi er til staðar geta stjórnvöld sem í hlut eiga kallað eftir upplýsingum hjá lögbærum stjórnvöldum heimaaðildarríkis um lögmæti staðfesturéttar þjónustuveitanda og hvort hann hafi sætt agaviðurlögum eða réttindamissi vegna starfa sinna. Ef viðkomandi stjórnvald ákveður að kanna faglega menntun þjónustuveitanda getur það beðið lögbær stjórnvöld heimaaðildarríkis um upplýsingar um menntun og þjálfun þjónustuveitanda að því marki sem það er nauðsynlegt til þess að meta umtalsverðan mun sem heilsu og öryggi almennings gæti stafað hættu af.

## 7. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Upplýst skal um agaviðurlög eða dóma fyrir saknæmt athæfi er umsækjandi hefur hlotið og talist er geta haft áhrif á störf viðkomandi. Lögbær stjórnvöld skulu gera öllum öðrum aðildarríkjum viðvart um tilvik þar sem dómstólar hafa takmarkað eða bannað, að hluta eða með öllu, einnig tímabundið, faglega starfsemi aðila á yfirráðasvæði sínu. Nánar er kveðið á um slíkar viðvaranir í reglugerðum.

## 8. gr.

Með lögum þessum er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/EB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IMI-upplýsingakerfið“), eins og þessar gerðir eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. xx/xxxx, sem birt var xx/xx/xxxx í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. xx/xxx.

## 9. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**I. Inngangur.**

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/55/EB frá 20. nóvember 2013 breytir tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Helstu breytingar sem verða með nýrri tilskipun eru eftirtaldar:

- upptaka evrópsks fagskírteinis (European Professional Card) fyrir einstakar starfsgreinar sem ætlað er að greiða fyrir för starfsmanna á innri markaðnum og auðvelda viðurkenningu á faglegri menntun,
- heimilt verður að veita takmarkaða viðurkenningu til starfa (partial recognition),
- gert er ráð fyrir að aðildarríkin nýti tenglanet (Points of Single Contact, PSC) sem sett var á laggirnar í tengslum við þjónustutilskipunina til þess að gera tækifæri til að veita þjónustu innan lögverndaðra starfsgreina sýnileg,
- hægt verður að taka upp sameiginlegar menntunarkröfur eða sameiginlegt lokapróf fyrir starfsgreinar sem þess óska og koma þannig á sjálfkrafa viðurkenningu fyrir þær greinar,
- starfsnámsnemendur eiga þess kost að fá viðurkennt vinnustaðanáam innan löggiltra starfsgreina sem fer fram annars staðar en í heimalandinu,
- aðildarlöndunum er gert að rýna lögverndun starfsgreina í löndunum og færa rök fyrir þörfinni á lögverndun.

Tilskipun 2005/36/EB var tekin upp á Íslandi með lögum nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, reglugerð nr. 879/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, reglugerð nr. 461/2011 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum og reglugerð nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn hér á landi.

Með tilskipun 2013/55/EB verða ekki grundvallarbreytingar á tilhögun viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Réttur manna til viðurkenningar er hinn sami og áður, en tekin eru skref til að tryggja að framkvæmdin verði enn einfaldari og skjótvirkari, m.a. með innleiðingu evrópsks fagskírteinis fyrir einstakra starfsgreinar þar sem afgreiðslufrestir eru styttnir frá því sem nú er.

## II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpinu er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/EB um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Tilskipunin varð hluti af EES-samningnum með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. xx/2015 frá xx. xx 2016. Með þingsályktun xx. xx 2016 samþykkti Alþingi að heimila ríkisstjórninni að staðfesta ákvörðunina fyrir Íslands hönd. Að efni til varðar tilskipunin viðurkenningu á menntun til að gegna starfi sem er lögverndað og því að menn skuli hafa aflað sér faglegrar menntunar og hæfis áður en þeim er heimilt að hefja störf á viðkomandi sviði.

## III. Meginefni frumvarpsins.

Með tilskipun 2013/55/EB eru gerðar breytingar á tilskipun 2005/36/EB frá 7. september 2005 sem ætlað er að auka gagnsæi viðurkenningar og hraða afgreiðslu mála þegar sótt er um viðurkenningu til starfa á EES-svæðinu. Gerð er grein fyrir helstu nýmælum hér á eftir.

- a) Evrópskt fagskírteini. EES-borgarar geta sótt um evrópskt fagskírteini til þess að stunda starf sitt í öðru EES-ríki og tekur það bæði til staðfestu og veitingar þjónustu. Kemur slíkt skírteini í stað eiginlegrar umsóknar samkvæmt eldra kerfi og er sótt um það í heimaaðildarríki. Umsóknin fer í gegnum IMI upplýsingakerfi framkvæmdastjórnar ESB og er það ýmist gefið út í heimaaðildarríki eða því ríki sem umsækjandi hyggst stunda starf sitt. Stjórnvöld í gistiríki hafa einn til tvo mánuði eftir starfsgreinum til þess að afgreiða umsókn, nema veigamiklar ástæður kalli á nánari skoðun umsóknar. Stjórnvöld í gistiríki geta einnig gert kröfu um að umsækjandi sæti uppbótarráðstöfunum, aðlögunartíma eða hæfniprófi, samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Evrópska fagskírteinið verður tekið upp í áföngum fyrir einstakar starfsgreinar en ekki sjálfkrafa fyrir allar greinar sem falla undir tilskipunina. Við val á starfsgreinum verður miðað við að umtalsvert flæði sé milli landa í viðkomandi grein, að þeir sem málið varðar sýni áhuga á að taka upp fagskírteinið og að starfið sé lögverndað í umtalsverðum fjölda EES-ríkja.
- b) Takmörkuð viðurkenning. Stjórnvöldum verður heimilt að veita takmarkaða viðurkenningu til starfa og er hvert tilvik skoðað sérstaklega. Á þetta einkum við um störf sem byggjast á sömu eða sambærilegum kröfum um þekkingu og hæfni en taka til ólíkra starfa eða verkþátta. Dæmi um slíkt eru rafvirkjastörf í Noregi og á Íslandi. Á Íslandi er rafvirkjun sjálfstæð iðngrein sem tekur til fjölbættra starfa. Í Noregi eru hins vegar 14 mismunandi rafvirkjagreinar sem taka til afmarkaðra starfa á sviði rafíðna. Við afgreiðslu umsókna um viðurkenningu rafvirkja frá Noregi gætu íslensk stjórnvöld því á grundvelli ákvæða tilskipunarinnar veitt norskum rafvirkjum með tiltekna sérhæfingu viðurkenningu til afmarkaðra rafíðnastarfa á íslenskum vinnumarkaði. Vakin er athygli á því að ákvæði þessa efnis er nú þegar að finna í 9. gr. reglugerðar nr. 585/2011 um viðurkenningu á menntun og starfsreynslu til starfa í löggiltri iðn. Markmið slíks ákvæðis er að gera stjórnvöldum kleift að viðurkenna menntun og starfsreynslu einstaklinga sem búa að tiltekinni grundvallarmenntun þótt eitthvað kunni að vanta upp á miðað við íslenska námskrá og þá verkþætti sem starfið tekur til samkvæmt íslenskri hefð. Ella hefðu stjórnvöld ekki annan kost en að hafna umsókn um viðurkenningu.
- c) Sameiginlegar menntunarkröfur og sameiginlegt lokapróf. Samtök tiltekinna starfsstétta eða starfsgreina geta komið sér saman um sameiginlegar kröfur um þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er til iðkunar tiltekins starfs. Slíkar menntunarkröfur þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði, svo sem að leiða til aukins hreyfanleika vinnuafis, taka til starfa sem eru lögvernduð í einum þriðja aðildarríkja að lágmarki, þurfa að vera sameiginlegar í einum þriðja aðildarríkja og taka til starfsgreina sem njóta menntunar hvort heldur er á framhaldsskóla- eða háskólastigi. Menntunarkröfurnar þurfa að skírskota til þrepa í Evrópska hæfniramma (EQF) og

byggjast ekki á öðrum kerfum viðurkenningar samkvæmt tilskipuninni. Undirbúa þarf slíkar menntunarkröfur með nánú samráði við hagsmunaaðila, þar á meðal í löndum sem lögvernda ekki viðkomandi starf. Menntunarkröfurnar gera einstaklingum kleift að sækja um viðurkenningu án þess að þurfa fyrst að gerast aðilar að tilteknum fagfélögum eða að vera skráðir þar. Samtök sem hlut eiga að máli geta lagt fram beiðni um staðfestingu slíkra menntunarkrafna til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem staðfestir þær og gefur út með reglugerð.

- d) Vinnustaðþjálfun í öðru EES-ríki. Ef aðgengi að lögvernduðu starfi er háð því að viðkomandi hafi lokið tiltekinni starfsþjálfun verður aðildarríkjum skylt að viðurkenna starfsþjálfun sem aflað hefur verið í öðru EES-ríki. Setja má reglur um hámarks lengd slíkrar starfsþjálfunar og hún kemur ekki í stað prófa sem stjórnvöld gera kröfu um til þess að viðkomandi fái að starfa innan tiltekinnar greinar.
- e) Tenglanet þjónustutilskipunar. Meðal nýmæla í breyttri tilskipun um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi er að gert er ráð fyrir að stjórnvöld tryggi að tilteknar upplýsingar séu aðgengilegar á vef gegnum tenglanet sem sett var upp í tengslum við innleiðingu tilskipunar 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum sem tekin var upp hér á landi með lögum um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins nr. 76/2011. Þjóðskrá hefur umsjón með tenglanetinu á Íslandi á vefnum island.is. Þar skal birtur listi yfir öll lögvernduð störf á Íslandi ásamt upplýsingum um lögbær stjórnvöld og þjónustumiðstöðvar sem fjallað er um í 57. gr. tilskipunarinnar. Þar á einnig að birta lista yfir þær starfsgreinar þar sem hægt er að sækja um evrópskt fagskírteini, listi yfir allar starfsgreinar sem ákvæði greinar 7(4) taka til, listi yfir alla menntun og starfsþjálfun sem er lögvernduð auk menntunar með sérstakt skipulag. Þá skal á vefnum birta upplýsingar um kröfur og ferli sem vísað er til í greinum 7, 50, 51 og 53 í tilskipuninni fyrir lögvernduð störf, þar með talið öll gjöld sem umsækjendur greiða og öll skjöl sem þeim er gert að skila til lögbærra stjórnvalda. Loks skal halda til haga upplýsingum um kæruleiðir að lögum sem færar eru þeim er sæta ákvörðunum stjórnvalda á grundvelli tilskipunarinnar.
- f) Rýni lögverndaðra starfsgreina. EES-ríkjum er gert að senda framkvæmdastjórn ESB lista yfir öll lögvernduð störf í viðkomandi ríki, ásamt því að tilgreina starfssvið hvers starfs, og lista yfir lögverndaða menntun og þjálfun og þjálfun með sérstöku skipulagi sem vísað er til í lið (c)(ii) í grein 7 í tilskipuninni fyrir 18. janúar 2016. Þá er ríkjunum gert að senda framkvæmdastjórninni lista yfir þau störf þar sem krafist er fyrirfram skoðunar á menntun og hæfi væntanlegs veitanda þjónustu innan starfsgreinar sem hefur áhrif á lýðheilsu og almannaoýggi ásamt rökum fyrir því hvers vegna hver þeirra er á listanum. Jafnframt þessu er þess krafist að aðildarríkin kanni hvort kröfur sem gerðar eru og þrengja aðgengi að starfsgrein eða iðkun hennar, hvort heldur er með lögverndun starfs eða starfsheitis, séu í samræmi við eftirfarandi meginreglur: mismuna fólki hvorki eftir þjóðerni eða búsetu, byggjast á sjónarmiðum um vernd almannahagsmuna og eru til þess fallin að ná þeim hlutlægu markmiðum sem að er stefnt og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum. Fyrir 18. janúar 2016 áttu aðildarríkin að gera framkvæmdastjórninni grein fyrir hvort þau hyggist halda sig við kröfur sínar og ástæður þess. Í framtíðinni er síðan gert ráð fyrir að aðildarríkin sendi framkvæmdastjórninni á tveggja ára fresti upplýsingar um kröfur sem hafa verið afnumdar eða gerðar vægari. Sú rýnivinna sem hér er vísað til hófst þegar við gildistöku tilskipunarinnar og tók Ísland þátt í henni. Íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið afstöðu til þess með hvaða hætti hún verður nýtt til endurskoðunar á lögverndun starfa hér á landi.

#### IV. Samráð.

Frumvarpið var samið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Við samningu þess var haft samráð við ...

#### V. Mat á áhrifum.

Við gildistöku laga þessara má ætla að aukin vinna falli á herðar lögbærra stjórnvalda hér á landi vegna útgáfu evrópska fagskírteinisins til handa fagmenntuðum einstaklingum. Einnig verður eftirlitsskylda þeirra ríkari vegna einstaklinga sem sætt hafa agaviðurlögum eða verið sviptir starfsleyfum. Þá má gera ráð fyrir umtalsverðri vinnu hjá Þjóðskrá Íslands við að

uppfæra vefinn Island.is þar sem færa þarf inn upplýsingar í samræmi við 57. gr. tilskipunarinnar og nánar verða tilgreindar í reglugerð. Ætla má að önnur áhrif verði þau að afgreiðsla umsókna um viðurkenningu fagmenntunar verði hraðari og að einstaklingar eigi þess kost að njóta menntunar sinnar til starfa á vinnumarkaði fyrir. Réttarstaða nemenda sem enn eru í starfsþjálfun verður skýrari og í meira samræmi við menntastefnu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Við núverandi grein laganna bætist ákvæði um takmarkaða viðurkenningu og um viðurkenningu á starfsþjálfun.

Um 2. gr.

Með nýrri grein er bætt við ákvæði um viðurkenningu á starfsþjálfun, evrópska fagskírteinið, sameiginlegar menntunarkröfur og sameiginlegt lokapróf.

Um 3. gr.

Í þessari grein er bætt við ákvæði um takmarkaða viðurkenningu og um evrópska fagskírteinið.

Um 4. gr.

Grein þessi er til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar þar sem skilyrði um tveggja ára starfsreynslu á síðastliðnum tíu árum er breytt í eitt ár.

Um 5. gr.

Sjá athugasemd við 4. gr. Hér eru einnig sett inn ákvæði er varða eftirlit með aðilum sem sætt hafa agaviðurlögum eða sviptingu starfsleyfa vegna starfa í öryggisþjónustu, heilbrigðisgreinum og störfum sem tengjast uppeldi og menntun ólöggráða einstaklinga. Enn fremur er bætt við ákvæði sem áskilur kunnáttu í íslensku vegna starfa er varða öryggi sjúklinga.

Um 6. gr.

Greinin heimilar stjórnvöldum hér á landi að kalla eftir upplýsingum hjá lögbærum stjórnvöldum heimaadildarríkis um lögmæti staðfesturéttar þjónustuveitanda og hvort hann hafi sætt agaviðurlögum eða réttindamissi vegna starfa sinna í þeim tilgangi að meta umtalsverðan mun á menntun milli landa sem heilsu og öryggi almennings gæti stafað hætta af.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari grein er skylt að upplýsa um agaviðurlög eða dóma fyrir saknæmt athæfi er umsækjandi hefur hlotið og talist er geta haft áhrif á störf viðkomandi. Lögbærum stjórnvöldum verður skylt að gera öllum öðrum aðildarríkjum viðvart um tilvik þar sem dómstólar hafa takmarkað eða bannað, að hluta eða með öllu, einnig tímabundið, faglega starfsemi aðila á yfirráðasvæði sínu.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/55/EB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IMI-upplýsingakerfið“).

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki útskýringa.

# REGLUGERÐ

## um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi.

### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

##### 1. gr.

###### Markmið.

Einstaklingi, sem hefur aflað sér faglegrar menntunar og hæfis til starfs í einu af aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er heimilt að stunda það starf hér á landi með sömu réttindum og skyldum og íslenskir þegnar. Sækja þarf um viðurkenningu til að gegna starfi til hlutaðeigandi stjórnvalds hér á landi. Við afgreiðslu umsóknar skal gengið úr skugga um að fagleg menntun og hæfi umsækjanda uppfylli skilyrði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB.

##### 2. gr.

###### Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir þegar lagt er mat á hvort ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu uppfyllir skilyrði um menntun og starfsreynslu til þess að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

Reglugerðin á einnig við þegar aðili óskar eftir að veita þjónustu á sviði sem fellur innan lögverndaðs starfs.

Heimilt er að beita málsmeðferðarreglum reglugerðarinnar gagnvart ríkisborgurum annarra ríkja en aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

##### 3. gr.

###### Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

a. *Lögverndað starf*: Atvinnustarfsemi eða flokkur atvinnustarfsemi þar sem heimild til þess að starfa innan hennar eða notkun starfsheitis er háð fyrirmælum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla um sérstaka faglegra menntun og hæfi.

b. *Fagleg menntun og hæfi*: Menntun og hæfi sem hefur verið staðfest með sérstökum vitnisburði, hæfnisvottorði, sbr. 10. gr., og/eða starfsreynslu.

c. *Vitnisburður um formlega menntun og hæfi*: Prófskírteini, vottorð og annar opinber vitnisburður sem staðfestir að faglegu námi hafi verið lokið á fullnægjandi hátt.

d. *Lögbert stjórnvald*: Hvert það yfirvald eða stofnun sem hefur með höndum útgáfu eða móttöku á prófskírteinum og öðrum skjölum eða upplýsingum sem varða umsókn um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

e. *Lögvernduð menntun*: Hver sú menntun sem er sérstaklega sniðin að því að leggja stund á tiltekið starf og tekur til náms eða námskeiða sem fela jafnframt í sér, eftir því sem við á, faglegt nám, starfa á reynslutíma eða starfsreynslu.

f. *Starfsreynsla*: Raunveruleg og lögmæt stundun viðkomandi starfs í aðildarríki í fullu starfi eða í samsvarandi tíma í hlutastarfi.

g. *Aðlögunartími*: Að leggja stund á lögverndað starf hér á landi á ábyrgð aðila sem viðurkenndur er hæfur í því starfi, auk hugsanlega frekari þjálfunar.

h. *Hæfnispróf*: Prófun á þekkingu, leikni og hæfni umsækjanda, lagt fyrir af til þess bærum aðila hér á landi með það fyrir augum að meta hæfni umsækjanda til að leggja stund á lögverndað starf.

i. *Stjórnandi fyrirtækis*: Einstaklingur í fyrirtæki sem hefur starfað sem stjórnandi fyrirtækisins eða útibús þess eða verið staðgengill eiganda eða stjórnanda fyrirtækisins þegar stöðunni fylgir ábyrgð sem samsvarar ábyrgð eigandans eða stjórnandans. Hann gæti enn fremur hafa gegnt stjórnunarstöðu sem felur í sér skyldustörf á sviði viðskipta og/eða tækni og ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins.

j. *Fagleg starfsþjálfun*: faglegt starf á vinnustað sem fer fram undir leiðsögn sem er skilyrði fyrir aðgengi að lögvernduðu starfi og getur verið meðan á námi stendur eða að því loknu.

k. *Evrópskt fagskírteini*: rafrænt vottorð sem sannar annað hvort að viðkomandi hefur uppfyllt nauðsynleg skilyrði til þess að veita þjónustu í gístiaðildarríki tímabundið og óreglulega eða viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis til þess að geta öðlast staðfesturétt í gístiaðildarríki.

l. *Ævinám*: öll almenn menntun, starfsmenntun og þjálfun, óformlegt og formlaust nám sem fer fram alla ævi og leiðir til aukinnar þekkingar, leikni og hæfni og getur tekið til siðareglna starfsgreinar.

m. *Brýnir almannahagsmunir*: hagsmunir sem eru viðurkenndir sem slíkir í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

n. *Evrópskt viðurkenningarkerfi fyrir námseiningar eða ECTS-einingar*: einingakerfi fyrir æðri menntun sem notað er á evrópskum vettvangi æðri menntunar.

#### 4. gr.

##### *Áhrif viðurkenningar*

Viðurkenning sem veitt er hér á landi gerir réttthafa kleift að fá aðgang að sama starfi og hann hefur gegnt í heimalandi sínu og að leggja stund á það með sömu skilyrðum og ríkisborgarar Íslands.

Starf, sem umsækjandi óskar eftir að leggja stund á hér á landi, er hið sama og hann hefur gegnt í heimalandi sínu, ef starfsemin sem um ræðir er sambærileg.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal veita takmarkaðan aðgang að starfsgrein hér á landi með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 10. gr.

#### 5. gr.

##### *Útgáfa evrópsks fagskírteinis*

Evrópsk fagskírteini eru gefin út til handa fagmenntuðum einstaklingum er þess óska að því gefnu að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi samþykkt innleiðingargerðir fyrir viðkomandi starf. Evrópsk fagskírteini eru gefin út af heimaaðildarríki til handa einstaklingum er óska eftir að veita þjónustu í starfsgreinum sem hafa áhrif á lýðheilsu og almannaoöryggi annarra en þeirra sem falla undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar og koma þá í stað yfirlýsingar samkvæmt 13. gr. Evrópsk fagskírteini eru gefin út af gístaðildarríki til handa einstaklingum er vilja öðlast staðfestu í því ríki eða bjóða fram þjónustu í störfum sem falla undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Evrópskt fagskírteini veitir ekki sjálfkrafa rétt til tiltekinnar starfa ef gerðar voru sérstakar kröfur um skráningu eða annars konar takmarkanir voru til staðar áður en evrópskt fagskírteini var tekið upp fyrir viðkomandi starf.

#### 6. gr.

##### *Rafræn umsókn um evrópskt fagskírteini*

Umsækjendur skulu geta sótt rafrænt um evrópskt fagskírteini í gegnum evrópskt upplýsingakerfi innri markaðarins (IMI). Við það er stofnuð sérstök skrá fyrir umsækjanda og skal hann leggja með öll tilskilin gögn vegna viðurkenningar. Innan viku frá því að umsókn er lögð fram skal lögbært stjórnvald hér á landi staðfesta móttöku umsóknar og upplýsa um gögn sem kann að vanta með umsókn. Þar sem við á skulu stjórnvöld hér á landi gefa út þau viðbótarskírteini sem krafist er samkvæmt tilskipuninni. Lögbært stjórnvald skal staðfesta hvort umsækjandi hafi lögmaeta staðfestu hér á landi og hvort öll nauðsynleg gögn sem gefin hafa verið út séu gild og áreiðanleg. Ef til staðar er réttmætur vafi getur lögbært stjórnvald haft samráð við viðeigandi aðila hér á landi og óskað eftir að umsækjandi leggi fram staðfest afrit gagna. Ef sami umsækjandi leggur fram fleiri umsóknir er lögbærum stjórnvöldum ekki heimilt að fara fram á endurframlagningu gagna sem liggja þegar fyrir í IMI-skránni og eru enn í gildi.

#### 7. gr.

##### *Umsókn vegna tímabundinnar og óreglulegrar veitingar þjónustu íslenskra aðila í öðrum EES-ríkjum*

Lögbært stjórnvald hér á landi skal innan þriggja vikna sannprófa umsókn og meðfylgjandi gögn í IMI-skránni og gefa út evrópskt fagskírteini vegna tímabundinnar og óreglulegrar veitingar þjónustu annarrar en þeirrar sem fellur undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Tímabilið hefst þegar einhver þau gögn hafa borist sem vantaði með umsókn eða ef engra viðbótargagna var krafist eftir að einnar viku fresturinn sbr. 6. gr. er liðinn. Evrópska fagskírteinið er að því búnu fært til sérhvers lögbærs stjórnvalds sem málið varðar og jafngildir yfirlýsingu skv. 13. gr. þessarar reglugerðar. Umsækjandi skal upplýstur um útgáfu evrópska fagskírteinisins. Stjórnvöld hér á landi geta ekki farið fram á frekari yfirlýsingar samkvæmt 13. gr. næstu 18 mánuði.

Ákvörðun lögbærs stjórnvalds hér á landi, eða hafi ákvörðun ekki verið tekin innan þriggja vikna, er kæránleg samkvæmt landslögum.

Ef handhafi evrópsks fagskírteinis óskar eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki en því sem fram kemur í upprunalegri umsókn getur hann farið fram á slíka framlengingu. Ef handhafinn óskar eftir að veita þjónustu umfram 18 mánuðina sem um er getið hér að framan skal hann upplýsa hið lögbæra stjórnvald um það. Hann skal einnig leggja fram gögn um verulegar breytingar á þeirri stöðu sem IMI-skráin sýnir sem

lögbær stjórnvöld hér á landi kunna að krefjast. Lögbært stjórnvald hér á landi skal færa uppfært evrópskt fagskírteini til viðeigandi gístiaðildarríkis.

Evrópska fagskírteinið skal gilda í öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins svo lengi sem handhafi þess heldur rétti sínum til starfa á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem geymdar eru í IMI-skránni.

#### 8. gr.

*Umsókn um evrópskt fagskírteini vegna staðfestu og tímabundinnar og óreglulegrar þjónustu hér á landi er varðar öryggisstörf eða störf í heilbrigðisþjónustu.*

Þegar sótt er um rétt til staðfestu eða til að veita þjónustu tímabundið og óreglulega í störfum er falla undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar skal lögbært stjórnvald hér á landi innan mánaðar sannreyna að gögn í IMI-skránni séu gild og ósvikin til útgáfu evrópsks fagskírteinis. Það tímabil hefst þegar einhver þau gögn sem vantaði sbr. 6. gr. hafa borist eða ef engra viðbótargagna var krafist eftir að einnar viku fresturinn er liðinn. Umsóknin um evrópska fagskírteinið er að því búnu færð til sérhvers lögbærs stjórnvalds sem málið varðar og skal umsækjandi upplýstur um það.

Í þeim tilvikum sem um getur í 16. gr., 21. gr., 49. gr. a og 49. gr. b í tilskipuninni skulu íslensk stjórnvöld ákveða hvort gefa á út evrópskt fagskírteini innan eins mánaðar frá viðtöku umsóknarinnar sem heimaaðildarríkið sendi. Ef fyrir liggur réttmætur vafi er stjórnvöldum hér á landi heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar, eða staðfest endurrit gagna, frá heimaaðildarríkinu sem ber að senda gögnin eigi síðar en tveimur vikum eftir að beiðnin barst.

Í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 7. gr. og 14. gr. tilskipunarinnar ákveða stjórnvöld hvort gefa á út evrópskt fagskírteini eða að gera umsækjanda að sæta uppbótarráðstöfunum innan tveggja mánaða frá viðtöku umsóknarinnar sem heimaaðildarríkið sendi. Ef fyrir liggur réttmætur vafi er stjórnvöldum hér á landi heimilt að fara fram á viðbótargögn eða staðfest endurrit gagna frá heimaaðildarríki sem skal senda gögnin eigi síðar en tveimur vikum eftir að beiðnin er lögð fram.

Ef íslensk stjórnvöld fá ekki nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er í tilskipuninni geta þau synjað um útgáfu evrópsks fagskírteinis. Synjunin skal studd gildum rökum.

Ef stjórnvöld hér á landi taka ekki ákvörðun innan þeirra tímamarka sem sett eru í reglugerð þessari eða skipuleggur ekki hæfnispróf í samræmi við 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar skal litið svo á að evrópskt fagskírteini hafi verið gefið út og skal senda það sjálfkrafa um upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn til umsækjanda.

Stjórnvöld hér á landi geta framlengt frestinn um tvær vikur vegna sjálfkrafa útgáfu evrópsks fagskírteinis. Þau skulu útskýra ástæðu framlengingarinnar og upplýsa umsækjandann um hana. Heimilt er að endurtaka slíka framlengingu í eitt skipti og aðeins þegar slíkt er mjög áriðandi, einkum af ástæðum sem varða lýðheilsu eða öryggi þeirra sem nýta þjónustuna. Útgáfa evrópsks fagskírteinis kemur í stað umsóknar um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi og eru ákvarðanir lögbærs stjórnvalds tengdar þeim kæránlegar til æðra stjórnvalds eða málið borið undir dómstóla.

#### 9. gr.

*Vinnsla og aðgangur að gögnum er varða evrópska fagskírteinið*

Með fyrirvara um regluna um sakleysi uns sekt er sönnuð skulu lögbær stjórnvöld hér á landi uppfæra tímanlega samsvarandi IMI-skrá með upplýsingum varðandi agaviðurlög eða refsiréttarleg viðurlög sem varða leyfissviptingu eða takmörkun á starfsréttindum og hafa afleiðingar fyrir handhafa evrópsks fagskírteinis. Gætt skal ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Við uppfærslur skal jafnframt eyða upplýsingum sem engin þörf er fyrir lengur og skal upplýsa þegar í stað handhafa evrópsks fagskírteinis og viðkomandi lögbær stjórnvöld sem hafa aðgang að IMI-skrá um hvers kyns uppfærslur. Skyldan skal vera með fyrirvara um viðvörðunarskyldu aðildarríkjanna skv. VI. kafla sbr. 56. gr. a. í tilskipuninni

Upplýsingar samkvæmt ofansögðu skulu eingöngu taka til

- a. nafns viðkomandi fagmanns,
- b. starfsgreinar er um ræðir,
- c. upplýsinga um það stjórnvald eða dómstól sem tekið hefur ákvörðun um takmörkun eða sviptingu starfsleyfis,
- d. umfangs takmörkunar eða sviptingar starfsleyfis, og
- e. tímabils sem takmörkun eða svipting starfsleyfis gildir.



Aðeins lögbær stjórnvöld í heima- og gístiaðildarríki skulu hafa aðgang að upplýsingunum í IMI-skránni og skulu þau veita viðkomandi handhafa evrópsks fagskírteinis upplýsingar um innihald skrárinnar óski hann eftir því.

Upplýsingarnar á evrópska fagskírteininu skulu eingöngu ná til atriða sem nauðsynleg eru til þess að ganga úr skugga um rétt viðkomandi til þess að stunda það starf sem skírteinið gildir fyrir, svo sem nafns og föðurnafns handhafa, fæðingarstaðar og –dags, starfsgreinar, formlegrar prófgráðu, viðurkenningarkerfis, heitis lögbærs stjórnvalds, númers skírteinis, öryggisráðstafana og tilvísunar í gild persónuskilríki. Einnig skulu koma fram upplýsingar um starfsreynslu sem aflað hefur verið eða uppbótarráðstafanir sem handhafinn hefur staðist.

Varðveita má persónuupplýsingar í IMI-skránni eins lengi og þess er þörf vegna viðurkenningarferlisins. Handhafi evrópsks fagskírteinis skal eiga þess kost að fá leiðréttar rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um sig í skránni eða að skránni sé eytt. Handhafinn skal upplýstur um þennan rétt sinn þegar evrópska fagskírteinið er gefið út. Komi til þess að upplýsingum um umsækjendur um evrópskt fagskírteini sem gefið er út vegna staðfestu eða starfa sem falla undir 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar sé eytt skulu lögbær stjórnvöld gefa viðkomandi staðfestingu á að hann hafi hlotið viðurkenningu á faglegru menntun sinni og hæfi.

Komi fram beiðni um eyðingu IMI-skrár, er tengist evrópsku fagskírteini sem gefið er út í þeim tilgangi að koma á tímabundinni og óreglulegri þjónustu sem hefur áhrif á lýðheilsu og almannaoöryggi skulu lögbær stjórnvöld í viðkomandi gístiríki gefa handhafa evrópsks fagskírteinis staðfestingu á að hann hafið hlotið viðurkenningu á faglegru menntun sinni og hæfi.

Stjórnvöld hér á landi skulu veita vinnuveitendum, viðskiptavinum, sjúklingum og öðrum sem málið varðar staðfestingu á réttmæti og gildi evrópskra fagskírteina sem umsækjendur leggja fram.

#### 10. gr.

##### *Takmarkaður aðgangur*

Lögbært stjórnvald skal veita takmarkaðan aðgang, sem metið er í hverju tilviki fyrir sig, að starfsgrein ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a. að umsækjandi hafi full réttindi í heimaaðildarríkinu til að starfa við þá grein sem sótt er um takmarkaðan aðgang að,
- b. að svo mikill munur sé á þeirri starfsgrein í heimaaðildarríkinu og hér á landi að beiting uppbótarráðstafana jafngilti því að umsækjandinn þyrfti að ljúka fullu námi og þjálfun hér á landi til þess að fá óheftan aðgang að viðkomandi starfi,
- c. að hægt sé að aðskilja viðkomandi starfsemi frá annarri starfsemi sem fellur undir hið lögverndaða starf hér á landi.

Þegar reynir á ákvæði c-liðar hér að framan skal lögbært stjórnvald hér á landi meta hvort unnt er að stunda starfsemina sjálfstætt.

Heimilt er að synja um takmarkaðan aðgang ef unnt er að réttlæta það með tilvísun til almannahagsmuna. Um afgreiðslu umsókna um takmarkaðan aðgang fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þessi grein á ekki við um umsækjendur sem njóta góðs af sjálfkrafa viðurkenningu faglegrar menntunar og hæfis samkvæmt II., III. eða III. kafla a í III. bálki tilskipunarinnar.

## II. KAFLI

### **Frelsi til að veita þjónustu.**

#### 11. gr.

##### *Þjónustuveitendur.*

Ekki er heimilt að takmarka frjálsa þjónustustarfsemi hér á landi og bera við skorti á faglegru menntun og hæfi umsækjanda, nema slíkt leiði af ákvæðum 4. og 5. gr. laga nr. 26/2010, fyrirmælum reglugerðar þessarar og tilskipuninni.

Þegar þjónustuveitandi flytur til Íslands skal hann fylgja þeim lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um starfið er varða faglegra menntun og hæfi með beinum hætti. Hér er átt við skilgreiningu á starfinu,

notkun á starfsheitum og ákvæðum um alvarlega vanrækslu í starfi, sem beinlínis hafa verið sett til verndar neytendum. Hann er einnig bundinn af ákvæðum um viðurlög sem gilda gagnvart fagstéttum hér á landi.

12. gr.

*Undanþágur.*

Þjónustuveitendur frá öðrum EES-ríkjum eru undanþegnir kröfum sem gerðar eru til innlendra sérfræðinga og varða:

- a. starfsleyfi frá, skráningu hjá eða aðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun,
- b. skráningu hjá Sjúkratryggingum Íslands í þeim tilgangi að gera upp reikninga hjá váttryggjanda vegna starfsemi tryggðra aðila.

Þjónustuveitandi skal þó gera stofnuninni fyrirfram grein fyrir þeirri þjónustu sem hann veitir, eða eftir á, sé um neyðartilfelli að ræða.

13. gr.

*Yfirlýsing gefin fyrirfram ef þjónustuveitandi flytur.*

Þjónustuveitandi, sem starfar skv. 4. gr. laga nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, skal nota starfsheiti heimalands síns ef unnt er þegar þjónusta er veitt. Starfsheitið skal tilgreint á opinberu tungumáli eða einu af opinberu tungumálum heimalandsins þannig að komist verði hjá ruglingi við starfsheitið héraðs. Ef slíkt starfsheiti er ekki til skal þjónustuveitandinn tilgreina formlega menntun sína og hæfi. Í undantekningartilvikum skal þjónustan veitt undir því starfsheiti sem notað er hér á landi.

Í fyrsta sinn sem þjónusta er veitt á sviði sem fellur innan lögverndaðs starfs, sem snertir lýðheilsu og almannaöryggi og nýtur ekki sjálfkrafa viðurkenningar samkvæmt II., III. eða III. kafla a í III. bálki tilskipunarinnar, getur stjórnvald hér á landi kannað faglega menntun og hæfi þjónustuveitandans áður en þjónusta er veitt. Slík forathugun er aðeins leyfileg þegar tilgangur athugunarinnar er að koma í veg fyrir að heilsa eða öryggi þjónustuþega bíði alvarlega hnekki vegna ófullnægjandi starfsmenntunar og hæfis þjónustuveitandans og hún gengur ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

Lögbært stjórnvald skal leitast við að láta þjónustuveitanda vita hvort til standi að kanna menntun hans og hæfi eða um niðurstöðu úr slíkri athugun, þar með talið hvort honum verði gert að gangast undir hæfnispróf eða hvort veiting þjónustu verði heimiluð. Skal hann upplýstur um þetta eigi síðar en mánuði eftir viðtöku yfirlýsingarinnar og meðfylgjandi skjala. Komi upp vandkvæði sem gætu leitt til tafar skal lögbæra stjórnvaldið tilkynna þjónustuveitanda um ástæður tafarinnar innan fyrsta mánaðar og jafnframt hvenær ákvörðunar er að vænta. Ákvörðun skal þó lögð fram fyrir lok annars mánaðar eftir viðtöku allra skjala.

Þegar mikill munur er á faglegri menntun og hæfi þjónustuveitandans og þeirri menntun sem krafist er hér á landi, að því marki að hann geti verið skaðlegur lýðheilsu og almannaöryggi, og umsækjandi geti ekki talist hafa bætt sér upp mismuninn með faglegri starfsreynslu eða með þekkingu, leikni og hæfni sem aflað er í ævinámi sem formlega hefur verið staðfest af til þess hæfum aðila, skal þjónustuveitandanum gefið tækifæri til að sýna, einkum með hæfnisprófi, að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar eða hæfni sem á skortir. Undir öllum kringumstæðum verður að vera mögulegt að veita þjónustuna innan mánaðar frá því að ákvörðun er tekin í samræmi við fyrri undirgrein.

Komi engin viðbrögð frá lögbæra stjórnvaldinu innan þess frests sem vísað er til í fyrri undirgreinum er heimilt að veita þjónustuna. Í þeim tilvikum þegar búið er að staðfesta menntun og hæfi samkvæmt þessari málsgrein skal þjónustan veitt undir því starfsheiti sem er notað hér á landi.

14. gr.

*Samvinna stjórnvalda.*

Lögbær stjórnvöld hér á landi geta, í hvert sinn sem þjónusta er boðin, beðið lögbær stjórnvöld heimalands umsækjanda um að láta í té hvers kyns upplýsingar um lögmæti staðfestu þjónustuveitandans og góða starfshætti hans, sem og upplýsingar um að hann hafi ekki sætt agaviðurlögum eða refsiréttarlegum viðurlögum.

Lögbærum stjórnvöldum ber að tryggja að skipst sé á öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að fylgja kvörtunum þjónustuþega vegna þjónustuveitanda eftir með réttum hætti. Greina skal þjónustuþega frá niðurstöðum kvörtunarinnar.

15. gr.

*Upplýsingar sem ber að veita þjónustubegum.*

Ef þjónusta er veitt undir því starfsheiti sem notað er í öðru EES-ríki eða á grundvelli formlegrar menntunar og hæfis þjónustuveitandans geta lögbær stjórnvöld hér á landi krafist þess að þjónustuveitandinn láti þjónustubega í té upplýsingar um eftirfarandi:

- a. ef þjónustuveitandi er skráður í viðskiptaskrá eða aðra opinbera skrá, hvaða skrá hann er skráður í, skráningarnúmer hans eða samsvarandi auðkenni hans í þeirri skrá,
- b. ef starfsemin er háð starfsleyfi í öðru EES-ríki, nafn og heimilisfang lögbærs eftirlitsstjórnvalds,
- c. þau fagfélög eða sambærilega aðila sem þjónustuveitandinn er skráður hjá,
- d. starfsheiti eða, ef starfsheiti er ekki fyrir hendi, vitnisburð um formlega menntun og hæfi þjónustuveitanda og aðildarríkið sem gaf hann út,
- e. upplýsingar um váttryggingavernd eða aðra persónulega eða sameiginlega vernd fyrir starfsmenn með tilliti til starfsábyrgðar.

### III. KAFLI

#### Almennt kerfi til viðurkenningar á vitnisburði um nám.

##### 16. gr.

*Prepaskipting menntunar og hæfis.*

Við meðferð umsókna um viðurkenningu á menntun og hæfi, sbr. 18. gr. og 9. mgr. 19. gr., skal stuðst við eftirfarandi flokkun:

a. hæfnisvottorð gefið út á grundvelli:

1. annaðhvort náms sem fellur ekki undir vottorð eða prófskírteini í skilningi b-, c-, d- eða e-liðar eða sérstaks prófs án undangengins náms eða að umsækjandi hafi verið í fullu starfi í þrjú ár eða í samsvarandi tíma í hlutastarfi á næstliðnum tíu árum eða
2. almenns grunnskóla- eða framhaldsskólanáms, sem staðfestir að handhafi hafi öðlast almenna þekkingu,

b. vottorð sem staðfestir að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt námi á framhaldsskólastigi:

1. annaðhvort almennu námi, þar sem við bætist nám eða faglegt nám annað en það sem um getur í c-lið, og/eða starfi á reynslutíma eða starfsreynslu sem krafist er til viðbótar því námi eða
  2. tæknilegu eða faglegu námi, þar sem bætist við, ef við á, nám eða faglegt nám sem um getur í næsta tölulið á undan og/eða starfi á reynslutíma eða starfsreynslu sem krafist er til viðbótar því námi,
- c. prófskírteini sem vottar að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt:

1. annaðhvort eins árs námi eftir framhaldsskólastigið, öðru en því sem um getur í d- og e-lið, eða samsvarandi tíma í hlutanámi, þar sem eitt inntökuskilyrðið er að lokið hafi verið á fullnægjandi hátt því námi á framhaldsskólastigi sem krafist er við inntöku í háskóla eða æðri menntastofnun eða að lokið hafi verið samsvarandi námi á öðru stigi í framhaldsskóla, auk faglega námsins sem hugsanlega er krafist til viðbótar námi eftir framhaldsskólastigið eða
2. lögverndaðri menntun og þjálfun eða, þegar um lögverndað starf er að ræða, námi sem er byggt upp á sérstakan hátt þar sem stefnt er á hæfni sem gengur lengra en á stigi b, á samsvarandi námsstigi og kveðið er á um í næsta tölulið á undan sem tryggir sambærileg fagleg gæði og undirbýr nemann undir sambærilega ábyrgð og verkefni,

d. prófskírteini sem vottar að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið a.m.k. þriggja en mest fjögurra ára námi eftir framhaldsskólastigið eða samsvarandi tíma í hlutanámi, sem að auki má gefa upp í samsvarandi fjölda ECTS-eininga, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama skólastigi og hafi, eftir atvikum, lokið því faglega námi sem krafist er til viðbótar námi eftir framhaldsskólastigið,

e. prófskírteini sem vottar að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið a.m.k. fjögurra ára námi eftir framhaldsskólastigið eða samsvarandi hlutanámi, sem að auki má gefa upp í samsvarandi fjölda ECTS-eininga, við háskóla eða æðri menntastofnun eða aðra stofnun á sama stigi og hafi, eftir atvikum, lokið því faglega námi sem krafist er til viðbótar námi eftir framhaldsskólastigið.

##### 17. gr.

*Jöfn staða prófskírteina.*

Litið skal á hvern vitnisburð um formlega menntun og hæfi eða safn slíkra vitnisburða, sem lögbært stjórnvald í aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gefur út og vottar að handhafi hafi á fullnægjandi hátt lokið námi í einu aðildarríkjanna, í fullu námi eða hlutanámi, innan eða utan formlegra

námsbrauta, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi af því tagi sem um getur í 16. gr., þ.m.t. sama þrep og veiti rétt til aðgangs að eða stundunar starfs eða búa sig undir að stunda viðkomandi starf.

Litið skal á faglega menntun og hæfi sem veitir handhafa áunnin réttindi þó svo hann uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í gildandi lögum, eða stjórnáslufyrirmælum, aðildarríkis fyrir því að fá aðild að, eða stunda starfsgrein, sem vitnisburð um formlega menntun og hæfi samkvæmt sömu skilyrðum og segir í a-lið 16. gr. Þetta á einkum við ef viðkomandi ríki eykur kröfur um menntun vegna aðgangs að og iðkunar starfs og ef einstaklingur, sem hefur áður lokið námi sem uppfyllir ekki nýju skilyrðin um menntun og hæfi, getur nýtt sér áunnin réttindi á grundvelli laga eða stjórnáslufyrirmæla í aðildarríkinu. Í því tilviki er fyrra nám metið sambærilegt nýja námsþrepinu við mat á því hvort skilyrði 18. gr. séu uppfyllt.

#### 18. gr.

##### *Skilyrði fyrir viðurkenningu.*

Ef réttur til að starfa á sviði lögverndaðs starfs hér á landi er háður skilyrðum um sérstaka faglega menntun og hæfi skal lögbært stjórnvald veita þeim heimild til að starfa á þeim vettvangi, sem hefur undir höndum hæfnisvottorð eða vitnisburð um þá formlegu menntun og hæfi sem krafist er og vísað er til í 16. gr.

Hæfnisvottorð eða vitnisburður um formlega menntun og hæfi skulu gefin út af lögbæru stjórnvaldi í aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem starfa á grundvelli laga, reglugerða og annarra stjórnáslufyrirmæla viðkomandi ríkis.

Einnig skal veita umsækjendum, sem hafa stundað þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. í eitt ár í fullu starfi eða samsvarandi tíma í hlutastarfi á næstliðnum 10 árum í öðru aðildarríki sem lögverndar ekki þá starfsgrein, heimild til að stunda þá starfsemi sem lýst er í þeirri málsgrein. Áskilið er að þeir hafi undir höndum eitt eða fleiri hæfnisvottorð eða vitnisburði um formlega menntun og hæfi.

Hæfnisvottorð eða vitnisburður um formlega menntun og hæfi skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. þau eru gefin út af lögbæru stjórnvaldi í aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem starfa á grundvelli laga, reglugerða og annarra stjórnáslufyrirmæla viðkomandi ríkis,
- b. þau staðfesta að handhafi hafi hlotið undirbúning til þess að gegna viðkomandi starfi.

Ekki er heimilt að krefjast eins árs starsreynslu þegar vitnisburður umsækjanda um formlega menntun og hæfi vottar lögverndaða menntun.

Stjórnvöld hér á landi skulu taka gilt það menntunarþrep sem vísað er til í 16. gr. af heimaaðildarríki sem og að það prófskírteini sem heimaaðildarríki vottar sem lögverndaða menntun með sérstakri uppbyggingu og vísað er til í lið c. 2 í 16. gr. sé jafngilt menntunarþrepi sem vísað er til í lið c. 1 í sömu grein.

Þrátt fyrir framangreint geta lögbær stjórnvöld hafnað beiðni um aðgang að og iðkun starfs handhöfum hæfnisvottorða sem falla undir lið a í 16. gr. þegar kröfur um menntun sem krafist er til iðkunar viðkomandi starfs falla undir lið e í 16. gr.

#### 19. gr.

##### *Uppbótarráðstafanir.*

Ákvæði 18. gr. koma ekki í veg fyrir að stjórnvöldum sé heimilt að krefjast þess að umsækjandi ljúki allt að þriggja ára aðlögunartíma eða taki hæfnispróf ef:

- a. námið sem hann hefur stundað er að inntaki verulega frábrugðið inntaki þess sem sá vitnisburður um formlega menntun og hæfi, sem krafist er hér á landi, tekur til,
- b. starfið sem er lögverndað á Íslandi nær til einnar eða fleiri tegunda lögverndaðrar atvinnustarfsemi sem er ekki að finna í samsvarandi starfi í heimalandi umsækjanda og sá munur birtist í sérstöku námi sem krafist er hér og er að inntaki verulega frábrugðið námi umsækjanda.

Umsækjanda skal veittur réttur til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs.

Þrátt fyrir meginregluna um rétt umsækjanda til að velja, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr., getur stjórnvald kveðið á um annaðhvort aðlögunartíma eða hæfnispróf ef um er að ræða störf þar sem nákvæm þekking á landslögum er nauðsynleg og þar sem ráðgjöf eða aðstoð í tengslum við landslög er mikilvægur og stöðugur þáttur atvinnustarfseminnar.

Í þeim tilvikum, sem um getur í a-lið 16. gr., má krefjast þess að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða gangist undir hæfnispróf ef hann hyggst stunda slíka atvinnustarfsemi á eigin vegum eða sem stjórnandi fyrirtækis þar sem krafist er þekkingar og beitingar á sértækum landsbundnum, gildandi reglum. Þetta gildir því aðeins að þegar lögbær stjórnvöld hér á landi veita eigin ríkisborgurum aðgang að slíkri starfsemi sé krafist þekkingar á og beitingar þessara reglna.

Þrátt fyrir meginregluna um val umsækjanda milli aðlögunartíma eða hæfnisprófs getur lögbært stjórnvald tekið ákvörðun um slíkar uppbótarráðstafanir ef:

- a. handhafi prófskírteinis sem vísað er til í a-lið 16. gr. sækir um að gegna starfi þar sem krafist er prófskírteinis samkvæmt c-lið 16. gr. hér á landi, eða
- b. handhafi prófskírteinis sem vísað er til í b-lið 16. gr. sækir um að gegna starfi þar sem krafist er prófskírteinis samkvæmt d- eða e-lið 16. gr.

Í þeim tilvikum að umsækjandi sem er handhafi prófskírteinis sem vísað er til í a-lið 16. gr. sækir um að gegna starfi þar sem krafist er prófskírteinis samkvæmt d-lið sömu greinar geta stjórnvöld sett skilyrði um bæði aðlögunartíma og hæfnispróf.

Að því er varðar beitingu a- og b-liðar 1. mgr. er með „verulega frábrugðnu inntaki“ vísað til þekkingar, leikni og hæfni sem hefur grundvallarþýðingu í starfi og að verulegur munur er á inntaki náms umsækjanda og því námi sem krafist er hér á landi með tilliti til þessa.

Gætt skal meðalhófs við beitingu 1. mgr. þessarar greinar. Áður en þess er krafist að umsækjandi ljúki aðlögunartíma eða taki hæfnispróf verður hlutaðeigandi stjórnvald að staðfesta hvort sú þekking, leikni og hæfni sem umsækjandi hefur aflað sér með starfsreynslu sinni í aðildarríki eða í þriðja landi eða með ævinámi sé þess eðlis að það nái fyllilega eða að hluta til yfir þann verulega mismun sem um getur í 1. mgr.

Ákvörðun um að setja skilyrði um aðlögunartíma eða hæfnispróf skal rökstudd. Einkum skal upplýsa umsækjanda um:

- a. menntunarþrep prófskírteinis sem krafist er til viðkomandi starfs hér á landi og menntunarþrep þess prófskírteinis sem umsækjandi leggur fram með umsókn,
- b. þann umtalsverða mun sem vísað er til í 1. mgr. og ástæður þess að muninn er ekki hægt að bæta upp með þekkingu, leikni og hæfni sem aflað hefur verið með starfsreynslu eða í ævinámi sem staðfest hefur verið af til þess hæfum aðila.

Tryggt skal að umsækjandinn hafi möguleika á að þreyta hæfnispróf það sem vísað er til í 1. mgr. innan sex mánaða frá því að ákvörðun um hæfnispróf lá fyrir.

#### IV. KAFLI Málsmeðferð o.fl.

##### 20. gr.

###### *Frestir til afgreiðslu umsóknar og málsmeðferð.*

Lögbært stjórnvald skal staðfesta viðtöku umsóknar innan eins mánaðar frá því að hún berst og láta umsækjanda vita ef skjöl vantar. Ef vafi leikur á öryggi eða trúverðugleika gagna er stjórnvaldi heimilt að kalla eftir staðfestingu lögbærs stjórnvalds í heimalandi umsækjanda á áreiðanleika gagnanna. Ef fyrir liggur réttmætur vafi getur lögbært stjórnvald óskað eftir staðfestingu á því frá lögbæru stjórnvaldi í upprunaríki að umsækjandi hafi ekki misst starfsleyfi sitt eða verið bannað að iðka starf sitt vegna ávirðinga í starfi eða vegna dóms fyrir glæpsamlegt athæfi er tengist starfinu. Lögbært stjórnvald getur óskað eftir álitni til þess bærs fagaðila á þeim gögnum sem fylgja með umsókn sem lögð eru fram með umsókn um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.

Afgreiða skal umsókn svo skjótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir þann dag sem fullgerð umsókn umsækjanda var lögð fram. Heimilt er að framlengja frest til afgreiðslu umsóknar um einn mánuð þegar fjallað er um viðurkenningu á vitnisburði um nám og starfsreynslu.

Um málsmeðferð að öðru leyti, þ. á m. um heimild til þess að kæra ákvörðun eða drátt á ákvörðun, fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

##### 21. gr.

###### *Notkun starfsheita.*

Ef notkun starfsheitis sem tengist starfi er lögverndað hér á landi skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja, sem hafa heimild til að leggja stund á lögverndað starf hér á landi, nota starfsheiti þess starfs og mögulega skammstöfun.

##### 22. gr.

###### *Tungumálakunnátta.*

Einstaklingar, sem fá viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, skulu búa yfir þeirri tungumálakunnáttu sem nauðsynleg er til að geta lagt stund á starfið á Íslandi. Athugun á tungumálakunnáttu er heimil ef starfsgreinin sem um ræðir varðar lýðheilsu og ef verulegur og hlutlægur vafi leikur á hvort kunnátta starfsmanns í tungumálinu sé nægjanleg til þeirra starfa sem hann hyggst sinna.

Athugun getur aðeins farið fram eftir útgáfu Evrópsks fagskírteinis skv. 8. gr. eða eftir að viðurkenning hefur verið veitt. Könnun á tungumálakunnáttu skal miðast við það starf sem sótt er um að iðka og er ákvörðun um slíka könnun kæránleg til dómstóla.

23. gr.

*Notkun námstítla.*

Fagmenntuðum einstaklingum erlendis frá er heimilt að nota námstítla sem þeir hafa hlotið í heimalandinu og skammstafanir þeirra á tungumáli heimalandsins. Heimilt er að krefjast þess að námstítli frá heimalandinu fylgi upplýsingar um heiti og heimilisfang stofnunarinnar eða prófanefndarinnar sem veitti hann. Ef líklegt má telja að námstítli verði ruglað saman við námstítli hér á landi, sem krefst viðbótarnáms hér sem viðkomandi einstaklingur hefur ekki lokið, er heimilt að krefjast þess að hann noti námstítli heimalandsins á viðeigandi formi.

24. gr.

*Viðurkenning starfsþjálfunartíma*

Ef aðgengi að lögverndaðri starfsgrein hér á landi er háð því að viðkomandi hafi lokið tilskildu vinnustaðanámi eða starfsþjálfun skulu lögbær stjórnvöld hér á landi viðurkenna starfsþjálfun sem farið hefur fram í öðru EES-ríki að því gefnu að starfsþjálfunin sé í samræmi við landsreglur eða námskrár í viðkomandi ríki. Einnig skal tekið tillit til starfsþjálfunar sem farið hefur fram í þriðja landi. Lögbært stjórnvald getur sett reglur um hámarks lengd starfsþjálfunar sem afla má erlendis.

Viðurkenning starfsþjálfunartíma kemur ekki í veg fyrir að fylgt sé kröfum um að menn standist lokapróf til þess að fá aðgang að viðkomandi starfi hér á landi.

Lögbær stjórnvöld skulu birta leiðbeiningar um skipulag og viðurkenningu starfsþjálfunar sem farið hefur fram í öðru ríki og geta sett hámark á þann tíma sem unnt er að viðurkenna.

## V. KAFLI

*Samvinna stjórnvalda og fyrirkomulag viðvarana.*

25. gr.

*Samvinna stjórnvalda,*

Lögbær stjórnvöld í gisti- og heimaaðildarríki skulu hafa náð samráð og veita gagnkvæma aðstoð til að auðvelda beitingu tilskipunarinnar. Þau skulu tryggja að farið sé með upplýsingar sem þau skiptast á sem trúnaðarmál.

Lögbær stjórnvöld skulu skiptast á upplýsingum að því er varðar viðurlög og refsiaðgerðir eða aðrar alvarlegar, sérstakar aðstæður sem eru líklegar til að hafa áhrif á iðkun starfa. Stjórnvöld skulu virða ákvæði laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga.

Lögbær stjórnvöld skulu nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IMI) hvað varðar 1. og 2. mgr.

26. gr.

*Fyrirkomulag varðandi viðvaranir.*

Lögbær stjórnvöld hér á landi skulu tilkynna lögbærum stjórnvöldum allra EES- ríkja þegar stjórnvald eða dómstólar hafa takmarkað, bannað eða svipt fagmenntaðan starfsmann starfsleyfi, í heild eða að hluta, svo og tímabundið.

Lögbær stjórnvöld skulu senda upplýsingar skv. 1. mgr. um upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IMI) eigi síðar en þremur dögum eftir þann dag þegar ákvörðun var tekin um að takmarka eða svipta viðkomandi starfsmann starfsleyfi í heild eða að hluta. Takmarka skal þessar upplýsingar við eftirfarandi:

- a. nafn starfsmanns,
- b. starfsgrein,
- c. upplýsingar um innlent stjórnvald eða dómstól sem tók ákvörðun um takmörkun eða sviptingu,
- d. umfang takmörkunar eða sviptingar,
- e. gildistíma takmörkunar eða sviptingar.

Lögbær stjórnvöld skulu upplýsa lögbær stjórnvöld í öllum EES- ríkjum með viðvörðun um upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IMI), eigi síðar en þremur dögum eftir ákvörðun dómstólsins, um þá starfsmenn sem hafa sótt um viðurkenningu á menntun og hæfi og sem síðar hafa orðið uppvisir að því fyrir dómstólum að hafa notað falsaðan vitnisburð um faglega menntun og hæfi í því samhengi.

Lögbær stjórnvöld skulu þegar í stað upplýsa lögbær stjórnvöld í EES- ríkjunum um það þegar takmörkun eða svipting starfsréttinda er felld úr gildi, og frá og með hvaða dagsetningu.

Vinna má gögn vegna viðvarana innan upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) á gildistíma þeirra. Viðvörðun skal eytt úr upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn innan þriggja daga frá því að ákvörðun um afturköllun var samþykkt eða frá því að svipting eða takmörkun starfsleyfis rann úr gildi.

Lögbær stjórnvöld skulu upplýsa þann er sætt hefur leyfissviptingu skriflega þegar ákvörðun um viðvörðun um hann er send, ásamt viðvörðuninni sjálfri. Ákvörðun stjórnvalds er kæránleg til ráðherra. Um málsmeðferð slíkra mála hér á landi fer skv. stjórnslulögum nr. 37/1993.

Um vinnslu persónuupplýsinga vegna upplýsinga skv. 1. og 3. mgr. skal fara samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

27. gr.

*Rafrænar upplýsingar*

Einstaklingum skal tryggt aðgengi að rafrænum upplýsingum á íslensku og ensku um lögvernduð störf hér á landi og um menntunarkröfur til þeirra í samræmi við II. kafla. laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins nr. 76/2011 eftir því sem við getur átt. Við ákvörðun um umfang þeirra upplýsinga skal höfð hliðsjón af ákvæðum 57. gr. tilskipunarinnar.

Umsækjendum um viðurkenningu faglegrar menntunar skal gert kleift að senda umsókn sína ásamt fylgigögnum rafrænt og að unnt sé að ljúka allri formlegri vinnu við umsókn rafrænt.

28. gr.

*Upplýsingamiðstöð*

Menntamálastofnun er falið að veita þegnum er til hennar leita upplýsingar og leiðbeiningar er varða viðurkenningu á faglegri menntun. Hún hefur einnig með höndum upplýsingagjöf til hliðstæðra miðstöðva í öðrum EES-ríkjum þegar eftir slíku er leitað.

Á vegum Menntamálastofnunar starfar sérstakt fagráð skipað fulltrúum fagráduneyta og samtaka á vinnumarkaði sem er stjórnvöldum til ráðgjafar í málefnum er varða viðurkenningu faglegrar menntunar og heldur til haga upplýsingum um lögvernduð störf hér á landi. Fagráðið er vettvangur umræðu, fylgist með og miðlar reynslu af beitingu tilskipunar 2005/36/EB hér á landi.

29. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 9. gr. laga nr. 26/2010 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 1. nóvember 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*